

Austurbrú ses

Ársreikningur 2017

Austurbrú ses  
Tjarnarbraut 39e  
700 Egilsstaðir

Kt. 640512-0160

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Skýringar .....	10

# Skýrsla og áritun stjórnar

---

Austurbrú sjálfseignarstofnun (ses) er stofnuð á grunni Þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands. Stofnfundur stofnunarinnar var þann 8. maí 2012 og tók Austurbrú ses., þann 1. júní 2012 yfir starfsemi, eignir og skuldbindingar þessara stofnana og félaga og daglegan rekstur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA).

Tilgangur Austurbrúar ses. er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Austurlandi og veita samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Austurbrú ses. er í forsvari fyrir þróun atvinnulífs, samfélags stjórnsýslu háskólanáms, símenntunar, rannsókna, þekkingar- og menningarstarfs á Austurlandi.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur stofnunarinnar 356 millj. kr. á árinu. Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 36 millj. kr á árinu. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 135 millj. kr. og eigið fé í árslok var jákvætt sem nam 2 millj. kr. Skuldir og skuldbindingar nema 133 millj. kr. og þar af nema skammtímaskuldir, sem gert er ráð fyrir að komi til greiðslu á árinu 2018, 121 millj. kr.

Í ársreikningnum eru upplýsingar um mat á helstu eignum stofnunarinnar og er vísað til ársreikningsins um ráðstöfun rekstrarniðurstöðu og aðrar breytingar á eiginfjárreikningnum.

Stofnfé Austurbrúar ses. er 1,6 millj. kr. og skiptist á þrjátíu og tvo stofnendur sem hver um sig lagði fram 50 þús. kr. stofnframlag.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

Stjórn Austurbrúar ses. staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2017 með undirritun sinni og leggja til við aðalfunda að hann verði samþykktur.

Austurlandi, 12. mars 2018

Stjórn:

Jón Björn Hákonarson  
Sigrún Blöndal  
Gauti Jóhannesson  
Sveinn Jónsson  
Sæunn Stefánsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Jóna Árný Þórðardóttir

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og eigenda Austurbrúar ses.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Austurbrúar ses. fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu stofnunarinnar 31. desember 2017 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð stofnuninni í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi stofnunarinnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa stofnunina upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst mikil víska en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.
- Metum við hvort reikningssskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi stofnunarinnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert stofnunina órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Egilsstöðum, 12. mars 2018

**KPMG ehf.**

Magnús Jónsson

## Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Framlög .....	4	158.989.360	155.003.983
Aðrar tekjur .....	4	197.476.111	166.799.344
		356.465.471	321.803.327
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	5	184.289.241	177.466.281
Annar rekstrarkostnaður .....		133.091.383	104.483.200
		317.380.624	281.949.481
Rekstrarniðurstaða án afskrifta og hreinna fjármagnsgjalda .....		39.084.847	39.853.846
Afskriftir .....	3,7	( 2.989.552)	( 5.547.420)
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda .....		36.095.295	34.306.426
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) .....	6	19.426	( 1.903.180)
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b> .....	10	36.114.721	32.403.246

# Efnahagsreikningur

## Eignir

	Skýr.	2017	2016
<b>Fastafjármunir:</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Skrifstofubúnaður .....		3.864.894	4.371.182
Bifreiðar .....		4.298.100	3.047.167
	3,7	<u>8.162.994</u>	<u>7.418.349</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum og stofnframlög .....	8	<u>340.000</u>	<u>340.000</u>
		<u>340.000</u>	<u>340.000</u>
	Fastafjármunir	<u>8.502.994</u>	<u>7.758.349</u>
<b>Veltufjármunir:</b>			
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur .....	3f	35.043.617	31.181.802
Fyrirfram innheimtur kostnaður .....		39.710	11.409
Aðrar skammtímakröfur .....		1.055.302	0
Handbært fé .....	3h	<u>90.636.530</u>	<u>38.741.661</u>
	Veltufjármunir	<u>126.775.159</u>	<u>69.934.872</u>
	<b>Eignir samtals</b>	<u><u>135.278.153</u></u>	<u><u>77.693.221</u></u>

# 31. desember 2017

## Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2017	2016
<b>Eigið fé:</b>			
Stofnfé .....		1.600.000	1.600.000
Óráðstafað (ójafnað) eigið fé .....		835.269 (	35.279.452)
	10	<u>2.435.269</u> (	<u>33.679.452)</u>
<b>Skuldbindingar:</b>			
Skuldbinding vegna Vaxtasamnings Austurlands .....		<u>3.903.095</u>	<u>5.403.095</u>
<b>Langtímaskuldir:</b>			
Skuldabréfalán .....	11	<u>8.313.542</u>	<u>17.392.551</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Viðskiptaskuldir .....		29.041.966	18.976.732
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	11	9.168.762	9.135.690
Fyrirframinnheimtar tekjur vegna verkefna .....		37.082.196	16.002.187
Aðrar skammtímaskuldir .....		45.333.323	44.462.418
		<u>120.626.247</u>	<u>88.577.027</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>132.842.884</u>	<u>111.372.673</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>135.278.153</u>	<u>77.693.221</u>



# Sjóðstreymisyfirlit 2017

	Skýr.	2017	2016
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) ársins .....	10	36.114.721	32.403.246
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	2.989.552	5.547.420
Verðbætur og gengismunur skulda .....		36.490	72.146
		<u>39.140.763</u>	<u>38.022.812</u>
		Veltufé frá rekstri	
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Vörubirgðir, (hækkun) lækkun .....		0	356.305
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun .....	(	4.945.418)	5.293.607
Skammtímaskuldir, lækkun (hækkun) .....		32.016.148	( 1.759.827)
		<u>27.070.730</u>	<u>3.890.085</u>
		Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	
		Handbært fé frá rekstri	
		<u>66.211.493</u>	<u>41.912.897</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir .....	7	( 3.734.197)	( 3.564.243)
		<u>Fjárfestingarhreyfingar</u>	<u>( 3.734.197)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>			
Skuldbindingar vegna Vaxtasamnings, breyting .....		( 1.500.000)	( 1.700.000)
Afborganir langtímalána .....		( 9.082.427)	( 9.769.980)
		<u>Fjármögnunarhreyfingar</u>	<u>( 10.582.427)</u>
<b>Hækkun á handbæru fé .....</b>		51.894.869	26.878.675
<b>Handbært fé í upphafi árs .....</b>		<u>38.741.661</u>	<u>11.862.986</u>
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		<u>90.636.530</u>	<u>38.741.661</u>

# Skýringar

---

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Upplýsingar um stofnunina

Austurbrú er sjálfseignarstofnun (ses) sem stofnuð á grunni Þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands.

Stofnunin starfar á grundvelli skipulagsskrár sem samþykkt var á stofnfundi þann 8. maí 2012 og ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

### 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðir sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningum.

#### a. Innlausn tekna

Tekjur af framlögum eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við samninga stofnunarinnar við ríki, sveitarfélög og aðra aðila. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu á uppgjörstegi.

#### b. Færslu gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljenda hefur myndast.

#### c. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteign.....	25 ár
Bifreiðar.....	10 ár
Áhöld og tæki.....	4 ár

#### d. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði.

#### e. Vörubirgðir

Birgðir stofnunarinnar er vörubirgðir Markaðsstofu og eru færðar á kostnaðarverði eða endursöluverði, sé það lægra.

#### f. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 3,5 millj. kr. í ársreikningunum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum, sem kunna að tapast og er hann dreginn frá óinnheimtum kröfum í árslok í efnahagsreikningi.

#### g. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í árslok.

#### h. Samningur um verkefni í vinnslu

Fyrirframminnheimtar tekjur vegna samningsbundinna verkefna námu 37,1 millj. kr. í árslok 2017 og er sú fjárhæð færðar meðal skammtímaskulda.

## Skýringar frh.

### 4. Rekstrartekjur

Tekjur greinast þannig:

	2017	2016
<b>Framlög</b>		
Framlög frá Ríkissjóði Íslands til menntamála .....	85.630.000	84.700.000
- Framlag samkvæmt fyrstu umræðu fjárlaga .....	55.800.000	55.000.000
- Viðbótarframlag samkvæmt þriðju umræðu fjárlaga .....	25.000.000	25.000.000
- Sérstök úthlutun úr símenntunarpotti .....	4.830.000	4.700.000
Framlög frá Byggðastofnun .....	25.973.004	25.491.714
Framlög frá Ferðamálastofu .....	10.242.000	12.242.000
Framlög frá sveitarfélögum .....	37.144.356	32.570.269
	<u>158.989.360</u>	<u>155.003.983</u>
<b>Aðrar tekjur</b>		
Tekjur vegna háskóla og rannsóknnum .....	13.951.584	12.609.082
Tekjur vegna símenntunar .....	76.228.321	59.503.895
Tekjur vegna atvinnuþróunar og markaðsmálum .....	59.864.457	36.733.095
Tekjur vegna sóknaráætlunar og sjóða .....	25.629.130	25.911.953
Tekjur vegna umsýslu SSA .....	14.729.547	17.376.574
Aðrar tekjur .....	7.073.072	14.664.745
	<u>197.476.111</u>	<u>166.799.344</u>

### 5. Starfsmannamál

Laun, launatengd gjöld og fjöldi starfsmanna er sem hér segir:

	2017	2016
Laun .....	146.980.502	142.146.004
Tryggingagjald .....	11.380.691	11.435.772
Lífeyrissjóðsframlag .....	17.528.068	16.743.942
Önnur launatengd gjöld .....	3.975.744	3.683.673
Áfallið orlof, breyting .....	4.424.236	3.456.890
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>184.289.241</u>	<u>177.466.281</u>

Á árinu 2017 var meðalfjöldi starfsmanna 20,9 hjá stofnuninni í 18,2 stöðugildum. Þá námu laun og launatengd gjöld framkvæmdastjóra og stjórnar samtals 21,1 millj. kr. á árinu.

### 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2017	2016
Vaxtatekjur .....	2.019.060	937.367
Vaxtagjöld og verðbætur .....	( 1.999.634)	( 2.840.547)
Hrein fjármagnsgjöld samtals .....	<u>19.426</u>	<u>( 1.903.180)</u>

## Skýringar frh.

### 7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Bifreiðar	Skrifstofu- búnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2017 .....	6.283.000	38.194.928	44.477.928
Keypt á árinu .....	2.600.000	1.134.197	3.734.197
Heildarverð 31.12.2017 .....	8.883.000	39.329.125	48.212.125
Afskriftir 1.1.2017 .....	3.235.833	33.823.746	37.059.579
Afskrifað og niðurlagt á árinu .....	1.349.067	1.640.485	2.989.552
Afskrifað samtals .....	4.584.900	35.464.231	40.049.131
Bókfært verð 31.12.2017 .....	4.298.100	3.864.894	8.162.994
Afskriftahlutföll .....	10%	25-33%	

### 8. Eignarhlutir í öðrum félögum og stofnframlög

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Nafnverð	Bókfært verð
Þekkingarsetur, stofnframlag .....	200.000	200.000
Gunnarsstofnun, stofnframlag .....	140.000	140.000
Starfsendurhæfing Austurlands .....	0	100.000
Niðurfærsla eignahluta .....	0	( 100.000)
	340.000	340.000

### 9. Skammtímakröfur

Niðurfærsla krafna greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun .....	3.112.790
Niðurfærsla, breyting á árinu .....	423.524
Niðurfærsla í árslok .....	3.536.314

### 10. Eigið fé

Yfirlit um eigið fé:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2017 .....	1.600.000	( 35.279.452)	( 33.679.452)
Rekstrarniðurstaða ársins .....		36.114.721	36.114.721
Eigið fé 31.12.2017 .....	1.600.000	835.269	2.435.269

## Skýringar frh.

---

### 11. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

Verðtryggð lán með 5,0%vöxtum .....	1.244.306
Óverðtryggð lán með 7,53%-8,70% vöxtum .....	16.237.998
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	17.482.304
Næsta árs afborganir .....	( 9.168.762)
	<u>8.313.542</u>

Framangreind vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör lána í árslok 2017.

Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

Árið 2018 .....	9.168.762
Árið 2019 .....	7.924.456
Árið 2020 .....	389.086
Langtímaskuldir þ.m.t. næsta árs afborganir .....	<u>17.482.304</u>

### 12. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í stjórn stofnunarinnar auk æðstu stjórnenda eru skilgreindir sem tengdir aðilar stofnunarinnar. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

### 13. Önnur mál

Þann 19. september 2016 var samkomulag gert milli Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra og Sambandi íslenskra sveitarfélaga hins vegar, umbreytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Breytingarnar voru samþykktar á Alþingi með lögum nr. 127/2016 en þær fela meðal annars í sér breytingu á réttindaávinnslu lífeyrisréttinda í A-deild LSR og Brúar (Lífeyrissjóðsstarfsmannasveitarfélaga) úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda auk þess sem lífeyristöku aldur er hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Viðbreytingar eru réttindi virkra sjóðsfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

Í tengslum við ofangreint samkomulag gerir Brú lífeyrissjóður kröfu á hendur Austurbrú að fjárhæð 4,7 millj. kr. Austurbrú hefur hafnað umræddi kröfu með þeim rökum að stofnunin falli í flokk launagreiðenda sem undanskildir eru frá greiðslu krafna vegna samkomulagsins. Hefur þetta verið staðfest af hálfu LSR en beðið er staðfestingar frá fjármálaráðuneytinu á því að slíkt hið sama gildi um kröfur frá Brú lífeyrissjóði.

Umrædd krafa er því ekki færð til skuldar í árslok 2017.